

## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 11.08.2020, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS). Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁÍÞ) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Gunnar Berg Viktorsson (GBV).

### Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Fundargerð síðasta aðalstjórnarfundar lögð fram til samþykktar.

**Niðurstaða:** samþykkt.

2. **Beiðni handboltadeildar – Led skilti**

Kristján Thorlacius var fenginn til að fara yfir stefnu fyrrum aðalstjórnar varðandi hugmyndir um uppsetningu á Led skiltum. Þær beiðnir sem sendar voru á sínum tíma á Garðabæ sneru að leyfi fyrir uppsetningu á slíkum skiltum í Molduhrauni og við Ásgarð.

**Niðurstaða:** Aðalstjórn hefur ákveðið að senda beiðni til Garðabæjar fyrir tengingu á rafmagni að þeim staðsetningum sem um ræðir. Hvernig eignarhaldi og tekjuskiptingu á milli deilda verður háttað til lengri tíma verður tekið til umræðu síðar.

3. **Fjármál**

A. BS fór yfir fjárstreymisstöðu félagsins en félagið hefur fengið samþykktan yfirdrátt ef þörf krefur.

B. Úthlutun á styrk ÍSÍ vegna Covid – umræðu var frestað þar sem niðurstaða úthlutunar 2 hefur ekki enn fengist frá ÍSÍ. Fjárhagsráð aðalstjórnar mun leggja fram tillögu á næsta fundi að því gefnu að úthlutun frá ÍSÍ liggja fyrir á þeim fundi.

3. **Stöðugildi á skrifstofu**

ÁÍÞ fór yfir núverandi skipulag á rekstrarsviði og deildasviði félagsins. Ljóst er að núverandi stöðugildi anna ekki þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að séu á höndum starfsmanna og snúa að daglegum rekstri. Er það mat þeirra sem að starfinu koma að það bitni á þeim hluta starfsins sem snýr að faglegri stjórnun íþróttanna. Farið var yfir hugmyndir SG og ÁÍÞ um fjölgun á stöðugildum og breytt skipulag. Mikilvægt er að stöðugildi séu fjármögnuð með tryggum tekjum líkt og styrkjum frá Garðabæ eða æfingagjöldum til að tryggja traustan grunnrekstur félagsins.

**Niðurstaða:** Fjölgun stöðugilda verður tekin upp í samtali við Garðabæ varðandi fjárhagsáætlun bæjarins og styrk til félagsins.

4. **Samningaviðræður við Garðabæ**

SG fór yfir þau málefni sem lagt er til að leggja áherslu á í samtalinu við Garðabæ varðandi fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2021. Áhersla verði lögð á eftirfarandi:

- A. Ný stöðugildi – traustan grunnrekstur félagsins
- B. Afrekssjóð – hækkun í samræmi við verðgildi samningsins í upphafi
- C. Aðstöðu og öryggismál
- D. Rekstur TM hallar

6. **Önnur mál**

EÁ fór yfir gang mála varðandi afmælisrit Stjórnunnar vegna 60 ára afmælis félagsins. Ákveðið var að bíða með Rámur matar og tónlistarhátíð Stjórnunnar í ljósi Covid-19.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:15, ÁÍP